



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 3/2008

Afskráning lénsins tónlist.is

I.

Málavextir

1.

Hinn 15. mars 2007, tók Neytendastofa ákvörðun nr. 6/2007, „Kvörtun MúsikNet ehf. yfir skráningu og notkun Vagnsson MultiMedia á léninu tónlist.is“. Í ákvörðuninni kemur fram að Neytendastofa telur að MultiMedia, Haukur Vagnsson, hafi með notkun lénsins tónlist.is brotið gegn ákvæðum 5.gr. og 2. ml. 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Vagnsson MultiMedia, Hauki Vagnssyni var með vísan til 2. mgr. 16. gr. sömu laga bönnuð öll notkun lénsins tónlist.is og gert að afskrá lénið innan fjögurra vikna eftir birtingu ákvörðunarinnar. Jafnframt var tekið fram að yrði ekki farið að banninu yrði viðurlögum laganna beitt.

Haukur staðfesti móttöku ákvörðunarinnar þann 20. júlí 2007. Haukur áfrýjaði ekki ákvörðuninni til áfrýjunarnefndar neytendamála.

2.

Þann 7. september 2007 var lénið tónlist.is enn í notkun og Haukur Vagnsson skráður réttihafi lénsins. Þann sama dag sendi Neytendastofa Hauki bréf þar sem honum var gefinn lokafestur til 17. september 2007, til þess að fara að banninu og að þeim tíma liðnum mætti búast við að viðurlögum skv. 22. gr. laga nr. 57/2005 verði beitt.

II.

Niðurstöður

Eins og hér hefur komið fram var Hauki Vagnssyni, með ákvörðun Neytendastofu nr. 6/2007, bönnuð notkun lénsins tónlist.is og gert að láta afskrá lénið og var til þess veittur fjögurra vikna frestur frá birtingu ákvörðunarinnar. Haukur hvorki hætti notkun lénsins né afskráði lénið innan tímafrestsins. Þá hefur hann ekki áfrýjað ákvörðuninni.

Ákvörðunarorð fyrrnefndrar ákvörðunar Neytendastofu hljóðar svo:

„Vagnsson MultiMedia, Haukur Vagnsson, Aðalstræti 9, Bolungarvík, hefur með notkun lénsins tónlist.is brotið gegn 5. gr. og 2. ml. 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins. Með vísan til 2. mgr. 16. gr. sömu laga bannar Neytendastofa Vagnsson MultiMedia, Hauki Vagnssyni alla notkun lénsins tónlist.is og leggur fyrir hann að afskrá lénið. Bannið tekur gildi fjórum vikum eftir birtingu ákvörðunarinnar. Verði



ekki farið að banninu mun viðurlögum laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verða beitt.“

Samkvæmt athugun Neytendastofu í dag, er lénið tónlist.is enn í notkun og Haukur Vagnsson skráður réttthafi þess.

Í b lið 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn....

b. „stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu sem stemma eiga stigu við ólögætum viðskiptaháttum sbr. 16. gr.“

Skýringu á hvað teljist fyrirtæki í skilningi laganna er að finna í 3. gr. en þar segir m.a.:

„Fyrirtæki er einstaklingur, félag, opinberir aðilar og aðrir sem stunda atvinnurekstur.“

Í máli þessu liggur fyrir að Haukur Vagnsson hefur ekki farið að ákvörðun Neytendastofu nr. 6/2007. Að mati Neytendastofu er mikilvægt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila til að tryggja eðlilega viðskiptahætti en Neytendastofu þykir sýnt að Haukur muni ekki fara að ákvörðuninni. Með vísan til þessa telur Neytendastofa nauðsynlegt í máli þessu að beita viðurlögum skv. 22. gr. laga nr. 57/2005. Að mati Neytendastofu er hæfilegt að leggja kr. 500.000 sekt á Hauk Vagnsson þar sem hann hefur hvorki látið af notkun né afskráð lénið tónlist.is eins og honum var gert að gera með ákvörðun Neytendastofu.

III. Ákvörðunarorð:

„Haukur Vagnsson, Aðalstræti 9, Bolungarvík, hefur brotið gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 6/2007 með notkun lénsins tónlist.is og með því að hafa ekki afskráð lénið.

Með heimild í 22. gr. laga nr. 57/2005 skal Haukur Vagnsson greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 500.000 (fimmhundrað þúsund krónur).

Sektin skal greiðast ríkissjóði eigi síðar en þremur mánuðum eftir dagsetningu þessarar ákvörðunar.“

Neytendastofa, 12. febrúar 2008